

Ed.

29. Frumvarp til laga

[29. mál]

um héraðsfangelsi.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Nú telur sveitarstjórn nauðsyn á, að fangelsi til geymslu handtekinna manna og gæzlufanga sé reist í héraðinu og skal hún þá beina til dómsmálaráðherra beiðni um framlag úr ríkissjóði í þessu skyni.

Beiðninni skal fylgja skýrsla um nauðsynina. Ef ráðuneytið telur málaleitunina á rökum reista, skal það láta semja áætlun um kostnað og gera uppdrátt af húsinu.

2. gr.

Sveitarfélög leggja til á sinn kostnað lóðir héraðsfangelsa, en annar stofnkostnaður greiðist að hálfu úr sveitarsjóði, en að hálfu úr ríkissjóði. Ef tvö eða fleiri sveitarfélög standa að sama héraðsfangelsi, skulu þau, ef ekki verður samkomulag um annað, greiða sinn hluta stofnkostnaðar í réttu hlutfalli við samanlagðan tekju- og eignarskatt íbúanna eftir meðaltali 5 síðustu ára.

3. gr.

Beiðni sveitarfélaga samkvæmt 1. gr. skal dómsmálaráðherra senda Alþingi, og ákveður það við afgreiðslu fjárlaga, hvort við henni skuli orðið.

Nú samþykkir Alþingi slíka fjárveitingu, og ákveður það þá einnig, hvernig framlögum skuli háttað framvegis. En skylt er ríkissjóði þó að hafa lokið greiðslu framlaga til hvernar framkvæmdar miðað við upphaflega kostnaðaráætlun innan þriggja ára frá því, er fyrsta framlag var innt af hendi.

4. gr.

Dómsmálaráðherra hefur þá íhlutun um byggingu héraðsfangelsa, sem nauðsynleg er til að tryggja vandaðan frágang, hæfilega stærð þeirra og hóflegan kostnað.

5. gr.

Þarfnist héraðsfangelsi verulegra endurbóta eða viðauka, skal að öllu svo með fara sem segir í 1.—4. gr.

6. gr.

Nú telur dómsmálaráðherra þörf á stofnun héraðsfangelsis eða viðbót við eða endurbót á héraðsfangelsi, sem fyrir er, en sveitarstjórn hefur eigi hafizt handa um aðgerðir, eða hann telur áform hennar í þessum efnum ófullnægjandi, og skal

hann þá leggja fyrir Alþingi tillögur sínar um lausn málsins. Veiti Alþingi fé til framkvæmdanna, skal sveitarsjóði skylt að greiða sinn hluta kostnaðarins innan þriggja ára með jöfnum ársgreiðslum, ef eigi semst um annað.

7. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður, að fenginni umsögn viðkomandi héraðslæknis, í hvaða héraðsfangelsum skuli heimil fullnusta varðhaldsrefsinga og í hve langan tíma.

8. gr.

Rekstrarkostnaður héraðsfangelsa greiðist að hálfu úr ríkissjóði, en að hálfu úr hlutaðeigandi sveitarsjóði.

9. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglugerð um rekstur héraðsfangelsa, eftir því sem þurfa þykir.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 29 1. febrúar 1936, um fangelsi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um ríkisfangelsi og vinnuhæli og byggist, eins og það frumvarp, á tillögum Valdimars Stefánssonar, sakadómara, sem falið var á s. l. vori „að gera áætlun um að koma fangelsismálum landsins í nútímahorf, eftir því sem fært þykir miðað við allar aðstæður hér á landi.“ Er í þessu frumvarpi fjallað um þau fangelsi, sem ætlazt er til, að ríkisvaldið og sveitarfélögin annist í sameiningu um að byggja og reka. Er með reglum frumvarpsins reynt að leysa úr þeim vanda, sem oftast verður á vegi, þegar þessir tveir aðilar eiga að vinna saman að byggingaframkvæmdum: Hvernig tekin skuli fullnádarákvörðun um framkvæmdir og hvernig tryggja skuli fé til þeirra, þannig að ekki safnist skuldir, sem verði fjötur um fót hóflegu framhaldi á nauðsynlegum aðgerðum. Þykir vel við eiga, að úrslitaákvörðun um þetta sé hjá Alþingi.

Ekki þykir þörf á að skýra einstakar greinar þessa frumvarps, en vísað er til almennrar greinargerðar í athugasemdum við frumvarp til laga um ríkisfangelsi og vinnuhæli.